



SJÁLFSMATSSKÝRSLA

2020-2021

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Skólaárið 2020 - 21	3
Um skólann.....	5
Gæðastefna skólans	9
Gæðamarkmið.....	10
Verk- og framkvæmdaáætlun 2021-2023	11
Mat á skólastarfinu.....	12
Innra mat.....	12
Almennt um innra mat	12
Starf sjálfsmatsteymis	13
Tölulegar upplýsingar	14
Kennslumat í dagskóla.....	18
Kennslumat fjarnáms	19
Viðhaldsúttekt á gæðavottun fjarnáms.....	20
Brotthvarf	21
Sálfræðiþjónusta	21
Félagslíf nemenda	21
Umhverfismál	22
Heilsueflandi framhaldsskóli	23
Stefnur og áætlanir.....	24
Erlent samstarf	25
Ytra mat.....	26
Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis	26
Stofnun ársins.....	26
Markmið og úrbætur.....	27
Eldri markmið og hvernig staðið var að úrbótum á skólaárinu	27
Ný markmið fyrir skólaárið 2021-2022.....	31

Inngangur

Hér á eftir fer sjálfsmatsskýrsla Fjölbrautaskólans við Ármúla fyrir skólaárið 2020 - 2021. Þetta er annað og vonandi seinna árið sem veirufaraldurinn COVID19 hafði áhrif á alla heimsbyggðina og þar með talið skólastarfið í Ármúla. Sjálfsmat er að sjálfsögðu ekki síður mikilvægt í aðstæðum sem þessum og þegar litið er yfir farinn veg er gott að sjá hversu vel skólanum hefur tekist að rækja hlutverk sitt; að mennta fólk og skila út í samfélagið.

Skólaárið 2020 - 21

Eftir nokkuð veirufrítt sumar hér innanlands þá voru það vonbrigði í lok sumars þegar hertar samkomutakmarkanir urðu til þess að fjarnámspróf sumarannar breyttust í rafræn heimapróf. Það kom í ljós með mjög skömmum fyrirvara en fjarkennarar brugðust vel við, aðlöguðu próf og fyrirlögn og allt tókst eins og best varð á kosið.

Haustönn var síðan með eðlilegum hætti framan af. Nemendur mættu í alla tíma, borðum var raðað þannig að bil milli nemenda var hvergi minna en einn metri og reglur voru settar um sótthreinsun borða milli kennslustunda. Þrátt fyrir þetta kom upp sýking innan skólans með tilheyrandi sóttkví og var ákveðið að allt starf skólans yrði í fjarkennslu í Teams vikuna 21. – 25. september. Vikuna á eftir voru nemendur teknir aftur inn í skólann í minni hópum og voru allir hópar komnir inn til kennslu þegar öllum framhaldsskólum var lokað í fyrstu viku október. Sú lokun hélst út önnina og í þriðja skipti voru öll próf rafræn og tekin heima í annarlok. Útskrift í desember var með þeim hætti að nemendur mættu í skólann og tóku við skírteinum í athöfn sem var streymt á netinu en engir gestir fengu að vera viðstaddir.

Þrátt fyrir erfiðan gang mála á haustönn var ákveðið að skólastarf yrði með hefðbundnum hætti á vorönn. Þegar hér var komið sögu þýddi hefðbundinn háttur að hafa meter á milli borða og sótthreinsa alla helstu snertifleti milli kennslustunda en nýtt á vorönn var skilyrðislaus grímuskylda sem tekin var upp í skólanum. Þessu fyrirkomulag var haldið út önnina og sem betur fer þurfti aldrei að senda nemendur heim heldur tókst að halda



skólanum opnum. Vissulega var minna um að vera en á venjulegri önn; vettvangsferðir voru fáar, félagslíf nemenda lítið sem ekkert innan skólans og á Árdegi í byrjun mars voru áhugaverðir fyrirlestrar á sal en án áheyrenda; þeir sátu í skólastofum og nutu.

Í annarlök voru prófin svo með hefðbundum hætti bæði í dagskóla og fjarnámi og útskriftarathöfnin nálgast það að vera eðlileg. Henni var reyndar skipt í tvennt; nemendur Heilbrigðisskólans, NL-brautar og VSS nemendur voru brautskráðir fyrstir og síðan bóknámsstúdentar annarri athöfn. Með þessum hætti var hægt að leyfa gesti í sal; reyndar bara einn með hverjum nemanda en athöfninni var jafnframt streymt fyrir þá sem heima sátu.

Að loknu þessu skólaári stendur upp úr hversu mikla aðlögunarhæfni nemendur og starfsfólk sýndu í nýjum og oft erfiðum aðstæðum. Kennarar og nemendur stóðu sig vel á Teams þar sem hópvinna og einstaklingsleiðsögn var beitt til jafns við hefðbundna fyrirlestra og viðveruskráningu var beitt til að halda nemendum við efnið og hvetja til dáða. Kennsluumhverfið Moodle reyndist vel og þar notuðu kennarar nýja liði í bland við gamla. Starfsmannafundir voru haldnir rafrænt og stjórnendur funduðu rafrænt með kollegum í öðrum skólum auk þess sem menntamálaráðherra hélt reglulega samráðsfundi með skólameisturum framhaldsskólanna, að sjálfsögðu líka rafrænt.

Í stuttu máli sagt þá heppnaðist þetta allt vonum framar og sýndi í hnotskurn hvað skólinn er ríkur að mannauði, bæði starfsmönnum og nemendum.

Um skólann

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hóf starfsemi haustið 1979 en þá undir stjórn Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Það var svo á haustönn 1981 sem skólinn fékk leyfi til að útskrifa nemendur í eigin nafni og telst það ár vera stofnár skólans. Hann verður því 40 ára næstkomandi haust og þá ekki lengur í hópi unglunga meðal framhaldsskóla landsins. (Sjá kaflann hér á eftir: [Tölulegar upplýsingar.](#)) Fyrirhugað er að halda veglega upp á afmælið í haust og er vonandi að samkomutakmarkanir heyri þá sögunni til.

Nemendahópurinn hefur alltaf verið fjölbreyttur bæði ef litið er til aldurssamsetningar og uppruna. Á fyrstu árum skólans var stór hluti hópsins utan af landi en með fjölgun framhaldsskóla á landsbyggðinni hefur sá hópur minnkað hlutfallslega. Alla tíð hafa nemendur verið á breiðu aldursbili allt frá nýnemum upp í fullorðin fólk sem er ýmist að ljúka því sem eftir var frá fyrri tíð eða ná sér í nýja menntun. Ágæt aðsókn er að skólanum og næsta haust lítur út fyrir að nýnemar verði fleiri en nokkru sinni fyrr. Nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku hefur einnig fjölgað mjög hin síðari ár.

Frá upphafi hefur skólinn lagt áherslu á gagnkvæma virðingu og umhyggju starfsfólks og nemenda sem stuðlað hefur að heilbrigðu og góðu andrúmslofti innan skólans. Hann hefur líka verið framarlega í flokki varðandi nýjungar í kennsluaðferðum, námsefnisgerð, námsmati og fleiru ásamt því að leggja áherslu á heilsueflingu, umhverfismál og sjálfbærni til heilla fyrir einstaklinginn, skólann og samfélagið allt.

Í skólanum eru fjórar hefðbundnar bóknámsbrautir til stúdentsprófs og auk þess íþróttá- og heilbrigðisbraut sem einnig lýkur með stúdentsprófi. Þar er líka að finna grunnám heilbrigðisgreina, starfsmenntabrautir á heilbrigðisviði og í nýsköpun og listum, viðbótarnám á starfsmenntabrautum til stúdentsprófs, sérnámsbraut og auk þess almenna námsbraut sem er undirbúningur fyrir þá sem uppfylla ekki skilyrði til að vera teknir inn á eiginlegar brautir. Nýtt er að frá og með haustinu 2022 verður hægt að skrá sig til náms á opinni braut í fyrsta skipti. Það verður bóknámsbraut en þar geta nemendur að hluta til sjálfir valið námsgreinar í samræmi við áhugasvið og framtíðaráform.

Braut fyrir fangaverði í samstarfi við Fangelsismálastofnun hefur lengi verið í smíðum og nú eru líkur á að hún taki til starfa á næsta skólaári. Hún er í upphafi hugsuð fyrir starfandi fangaverði og verður að mestu kennd í fjarnámi. Námslok eru á öðru þrepi og meðal kennslugreina eru sálfræði, heilbrigðisgreinar og félagsfræði.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla var með allra fyrstu skólum í landinu til að bjóða upp á fjarnám á framhaldsskólastigi. Það var árið 2002 og strax fyrstu önnina voru kenndir 68 áfangar meðfram dagskólakennslu og árið eftir voru einnig kenndir nokkrir áfangar á sumarönn. Áföngunum fjölgaði síðan og fjöldinn hefur verið nokkuð stöðugur síðustu ár; 80 – 90 áfangar eru kenndir á haust- og vorönn og síðan um það bil helmingi færri á sumrin. Fjöldi fjarnema sveiflast frá um 700 nemendum á sumarönn upp í um það bil 1200 nemendur á veturna. Kennarar í fjarnámi kenna flestir einnig við dagskólann og er kennsluumhverfið Moodle notað til að halda utan um námið. Algengt er að kennarar dagskólans fylli upp í kennsluhlutfall sitt með því að taka áfanga í fjarkennslu og þannig hefur í einhverjum tilfellum verið hægt að mæta tímabundnum samdrætti og halda í kennara sem annars hefði þurft að segja upp eða skerða starfshlutfall þeirra.

Hér á landi er stór hópur ungmenna sem á sér annað móturmál en íslensku og oft leita þeir í FÁ þegar að kemur að framhaldsskólanámi. Hlutfall þeirra er nokkuð stöðugt síðustu árinna eða um 10% nemenda. Reynt hefur verið að koma til móts við þessa nemendur með því að bjóða upp á sérhæfða íslenskuáfanga þar sem íslenskan er kennd sem erlent tungumál en ekki móturmál eins og hingað til hefur verið venjan. Enn fremur var tekin sú ákvörðun skólaárið 2019/2020 að fá þessum nemendum eigin kennslustjóra sem heldur utan um þeirra mál. Sú tilraun hefur tekist mjög vel og verður haldið áfram. Mikið verk er samt óunnið í þessum málum óskandi er að menntamálayfirvöld komi til móts við skólann með auknum fjárframlögum í þennan málaflokk.

Við skólann hefur lengi starfað sérnámsbraut, ætluð nemendum með fötlunargreiningu. Þar eru á hverjum tíma um 30 nemendur sem hljóta kennslu og þjálfun í takti við getustig og áhugasvið.

Stoðkerfi fyrir nemendur með námserfiðleika er ætlað að styðja við nemendur með lestrar- og skriftarörðuleika, stærðfræðiröskun eða skipulags-, áttunar- og tímaskynserfiðleika. Upplýsingar er að finna á stoðsíðunni.

Í skólastarfinu hefur alla tíð verið lögð áhersla á þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum, flest á vegum Erasmus+, Nordplus og uppbyggingarsjóðs EFTA. Verkefnin hafa skilað nýjum áherslum inn í skólastarfið og sem dæmi má nefna sjálfbærnistefnu og stofnun sjálfbærninefndar. Nemendur jafnt sem starfsfólk eru þátttakendur í þessum verkefnum sem víkka sjóndeildarhring þeirra, bæði gagnvart erlendu skólastarfi og erlendum menningarheimum. Á liðnu skólaári hafa þessi mál reyndar legið í dvala að mestu vegna heimsfaraldurs en nú hillir undir betri tíð og er einlægur vilji inna skólans að halda þessu starfi áfram eins og kostur er.

Námskrá skólans er á rafrænu formi. Hún var endurskoðuðu og rituð upp á nýtt þegar ný námskrá fyrir framhaldsskóla frá 2011 tók endanlega gildi árið 2015. Kaflarnir í skólanámskránni eru stuttir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmiðin með skólastarfinu. Í hverjum kafla eru tenglar sem vísa í ítarlegri áætlanir, lýsingar, hlutamarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífelltri endurskoðun og þróun. Allir áfangar sem kenndir eru í skólanum eru síðan vistaðir í sameiginlegum námskrárgrunni menntamálaráðuneytisins www.namskra.is og þar koma fram þau þekkingar-, leikni- og hæfnimarkmið sem krafist er í viðkomandi áfanga. Skólanámskrá er síðan tengd þessum grunni og á heimasíðunni er tenging í alla áfanga skólans sem vistaðir eru í grunninum. Með þessum tengslum er hægt að tryggja að skólanámskrá sé alltaf í takti við heildarmarkmið menntamálayfirvela. Rafræn birting námskrárinnar tryggir auðvelt aðgengi að innihaldinu og hún verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

Bókasafnið gegnir mikilvægu hlutverki í skólastarfinu og er vel búið bókum, tímaritum, myndefni og öðrum safnkosti sem tengist skólastarfi. Þar er gott næði til vinnu og náms fyrir um 50 manns. Við safnið starfar einn bókasafnsfræðingur í fullri stöðu. Á liðnu skólaári voru húsgögn safnsins endurnýjuð að hluta og áhersla lögð á notagildi þeirra bæði til einstaklings- og hópavinnu. Því miður fékkst ekki mikil reynsla á það þar sem fjarlægðareglur giltu þegar skólinn var á

annað borð opinn. Næsti vetur verður því prófsteinn á gagnsemi þeirra. Meiri upplýsingar um bókasafnið er að finna í [ársskýrslu þess](#).

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er með stærstu framhaldsskólum og hér starfar á hverjum tíma stór hópur starfsmanna. Óhjákvæmilega eru einhverjar breytingar á hópnum á hverju ári og næst haust koma til starfa 10 nýir starfsmenn. Þeir koma í stað annarra sem hætta eða fara í námsorlof auk þess sem ráðið hefur verið í nýja stöðu skjalastjóra sem verður í 50% starfshlutfalli. Meðal þeirra sem hverfa á brott að þessu sinni er umsjónarmaður fasteigna sem hefur sinnt því hlutverki með mikilli þryggni í nærri aldarfjórðung. Hans skarð verður vandfyllt en maður kemur í manns stað, þar sem annarsstaðar. Loks má nefna að nýr aðili tekur við mötuneyti skólans á komandi hausti en fyrirtækið Krúska hverfur af vettvangi.

Hlutverk Fjölbrautaskólans við Ármúla er að stuðla að menntun og alhliða þroska allra nemenda skólans. Skólinn vill leitast við að efla ábyrgð, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda sinna, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar. Þannig er tryggt að nemendur séu sem best búnir undir frekara nám eða störf úti í samfélaginu.

Gæðastefna skólans

Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla er lögð áhersla á þekkingu, þroska og þróun í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi. Til að stuðla sem best að þessu er stefnt að því að taka upp í áföngum vottað gæðastjórnunarkerfi. Það starf hófst skólaárið 2018-19 þegar fjarnám skólans var vottað samkvæmt ISO:9001 staðli að lokinni viðhaldsúttekt vorið 2020 fékkst endurnýjun vottunar eftir nokkrar úrbætur sem gerðar voru samkvæmt ábendingu úttektarteymis. Slík úttekt var gerð að nýju nú á vorönn 2021 og aftur fékkst endurnýjuð vottun til eins árs með fáum athugasemdum.

Á skólaárinu sem er að ljúka reyndi á verkferla fjarnámsins m.a. þegar þurfti að breyta prófafyrirkomulagi á sumarönn með mjög litlum fyrirvara vegna faraldursins. Á svipuðum tíma hvarf fjarnámstjóri nánast af vettvangi um hríð af persónulegum ástæðum. Gæðaferlarnir sönnuðu þá gildi sitt og engin vafaatriði komu upp sem ekki var hægt að leysa með hjálp handbókarinnar.

Skólaárið 2019-20 var að nýju farið í gegnum vottunarferli en þá var tekin fyrir jafnlaunastefna skólans. Samkvæmt íslenskum lögum er fyrirtækjum og stofnunum skylt að framfylgja jafnlaunastefnu og fá hana vottaða af þar til bærum aðila. Sjá [lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna frá 2020](#). Vottunarferlinu lauk með úttekt á vordögum 2020 niðurstaðan var að jafnlaunakerfi skólans stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85: 2012. Vottunarfyrirtækið iCert sá um úttektina og auk merkis þeirra fékk skólinn rétt til að nota jafnlaunamerki Jafnréttisstofu á útgefnu efni. Í lok yfirstandandi skólaárs var síðan viðhaldsúttekt á þeim þætti og henni lauk með því að jafnlaunastefna skólans hlaut framhaldsvottun og hefur áfram rétt til að nota jafnlaunamerkið eftirsóttá.



Næst á áætlun skólans er að sækjast eftir gæðavottun á loftslagsstefnu skólans. Sú vinna er nátengd þátttöku í verkefninu [Græn skref](#) (sjá nánar síðar)

en þar eru ríkisstofnanir hvattar til að haga rekstri sínum í sátt við umhverfið og að fara eftir þar til gerðum aðgerðalista í átt að því marki. Grænu skrefin krefjast þess að skólinn hafi skýra loftslagsstefnu og því kjörið að fá úttekt á henni um leið og hún er tilbúin. Umsjón með innleiðingu grænna skrefa er í höndum umhverfisnefndar skólans og gæðastjóra.

Gæðastjóri skólans sinnir innra eftirliti og stöðugum umbótum og ber ásamt sjálfsmatsteymi skólans ábyrgð á þeim umbótaverkefnum sem í gangi eru hverju sinni.

Gæðamarkmið

Skólinn hefur sett sér eftirfarandi markmið í gæðastarfi sínu. Markmiðin endurspeglast einnig í [Verk- og framkvæmdaáætlun](#) þar sem þau eru tímasett.

1. Allir áfangar sem kenndir eru, jafnt í dagskóla og fjarnámi, skulu fara í kennslumat aðra hvora til þriðju hverja önn.
2. Meta skal alla þjónustu skólans reglulega s.s. ánægju nemenda með mötuneyti, bílastæði, bókasafn o.s.frv.
3. Leita skal allra leiða til að koma í veg fyrir brottfall. M.a. með ráðgjöf til fólks sem metnir eru í brottfallshættu og með því að kanna ástæður brottfalls með forvarnir í huga.
4. Meta skal starfsemi fagdeilda með skýrslum og samtölum við deildir og deildastjóra. Áhersla lögð á að styðja við það sem vel er gert og bæta úr þar sem betur má fara.
5. Stefnt skal að því að auka prófþátttöku í fjarnámi þannig að hún verði að lágmarki 60% í öllum áföngum.
6. Huga skal vel að umsjón með nýnemum. Umsjónarkennarar þeirra skulu styrktir í starfi og samstarf við heimilin ræktað eins og hægt er.
7. Styðja skal við faglegt starf allra starfsmanna með því að halda árlegan skólaþróunardag; ýmist innanhúss eða með þátttöku fleiri framhaldsskóla.
8. Líðan nemenda skal könnuð reglulega. Mikilvægt er að fá upplýsingar um andlega líðan, vímuefnanotkun, einelti o.s.frv. og leita síðan leiða til úrbóta í samráði við námsráðgjafa og sálfræðing skólans.
9. Stefnt skal að því að rekstur skólans sé innan fjárheimilda.
10. Stefnt skal að framhaldi á gæðavottun skólastarfsins og næsta skref skal tekið með áherslu á umhverfis- og loftslagsmál.

Verk- og framkvæmdaáætlun 2021-2023

<p>Haustönn 2021</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms • Starfsmannaviðtöl • Skólafundur • Þjónustukönnun/umsjónarkerfi • Stofnun ársins 2021 • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira). 	<p>Vorönn 2022</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms • Skýrslur þjónustusviða • Starfsmannaviðtöl • Skýrslur kennslustjóra og deildarstjóra • Sameiginleg skólaráðstefna • Viðhaldsúttekt jafnlaunastefnu • Endurúttekt á gæðakerfi fjarnáms • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira) • Sjálfsmatsskýrsla 2020/2021
<p>Haustönn 2022</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms • Starfsmannaviðtöl • Skólafundur • Þjónustukönnun/stjórn skólans • Brotthvarfsgreining • Stofnun ársins 2022 • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira). 	<p>Vorönn 2023</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms • Skýrslur þjónustusviða • Starfsmannaviðtöl • Skýrslur kennslustjóra og deildarstjóra • Skólaþróunardagur FÁ • Endurúttekt á jafnlaunastefnu • Viðhaldsúttekt á gæðakerfi fjarnáms • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira). • Sjálfsmatsskýrsla 2021/2022
<p>Haustönn 2023</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Starfsmannaviðtöl • Skólafundur • Þjónustukönnun/stoðþjónusta • Stofnun ársins 2023 • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira). 	<p>Vorönn 2024</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Skýrslur þjónustusviða • Starfsmannaviðtöl • Sameiginleg skólaráðstefna • Viðhaldsúttekt jafnlaunastefnu • Viðhaldsúttekt á gæðakerfi fjarnáms • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira). • Sjálfsmatsskýrsla 2022/2023

Mat á skólastarfinu

Í reglugerð menntamálaráðuneytis frá 24. ágúst 2010 segir að markmið mats og eftirlits með skólastarfi skulu vera að

1. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla,
2. tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum,
3. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
4. auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi.

Innra mati er þannig ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs.

Innra mat

Almennt um innra mat

Nokkrir fastir punktar innra mats eru sjálfsmatsskýrsla sem er meðal annars byggð á vinnu sjálfsmatsnefndar, kennslumat dagskóla (sem fram fer á hverri önn) og kennslumat fjarnáms sem hingað til hefur verið framkvæmt er á nokkurra anna fresti en nú er reynt að keyra allar annir. Aðrir punktar eru þjónustukannanir til dæmis á þjónustu mötuneytis, þjónustu bókasafns, tækjakosti, aðgengismálum og svo framvegis. Síðast en ekki síst er samantekt gagna úr námsumsjónarkerfinu INNU og rýning þeirra, hluti af innra mati og getur gefið góðar upplýsingar um breytingar milli anna og ára.

Tilgangurinn með innra mati er alltaf að draga fram sterkar og veikar hliðar í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í könnunum. Á grundvelli niðurstaðna þessara kannana verður og hefur verið gripið til aðgerða. Í sjálfsmatsskýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðunum og tillögur til úrbóta kynntar, sem og framkvæmd þeirra tillagna.

Í skólanámskrá er sjálfsmatsstefna skólans skilgreind ásamt krækju í sjálfsmatssíðu þar sem má m.a. finna skýrslur síðustu ára auk skýrslu um ytra mat

(sjá síðar). Gæðastjóri skólans er ábyrgur fyrir innra mati og hefur yfirumsjón með skipulagi þess og framkvæmd. Í verk- og framkvæmdaáætlun eru tilgreindar áætlaðar aðgerðir eins og úttektir, kannanir o.fl. nokkrar annir fram í tímann.

Starf sjálfsmatsteymis

Sjálfsmatsteymi skólans var endurvakið 2017 og hefur starfað síðan og á þessu skólaári með nokkurri endurnýjun. Fundahöld lágu þó niðri í haust meðan skólinn var lokaður en teymið var kallað saman þegar hann opnaði aftur. Það er sem fyrr skipað átta manns; tveimur nemendum, þremur kennurum, fulltrúa stoðdeilda, fulltrúa annarra starfsmanna auk gæðastjóra sem leiðir starfið og er um leið fulltrúi stjórnenda.

Teymið hélt fyrsta fund skólaársins í byrjun vorannar. Þar dreifði gæðastjóri endurbættri útgáfu af gátlista til notkunar á fundum teymisins. Stuðst er við lista MRN til notkunar við ytra mat en að auki er þar kafli sem fjallar um fjarnám skólans. Enn fremur er í listanum skrá yfir önnur gögn sem teymið getur kallað eftir og nýtt sér við matsvinnuna. Á önninni voru síðan haldnir nokkrir fundir og farið skipulega í gegnum listann. Í útfylltum gátlista er hægt að sjá niðurstöðurnar (hakað við með rauðu) og þar sést einnig hvar niðurstöður yfirstandandi skólaárs víkja frá fyrri niðurstöðum (svört merking). Reyndar á það bara við um fyrstu tvo kaflana því kafla þrjú var sleppt síðast þegar skólinn lokaði og fundir frestuðust og því ekki um neinn samanburð að ræða þar.

Auk þess að fara í gegnum gátlistann þá ræddi sjálfsmatsteymið á fundum sínum sérstaklega eftirfarandi mál og leggur til að lögð verði áhersla á þau á komandi skólaári

- stuðning við AM nemendur og að þess sé gætt að mismuna ekki AM nemendum með sérþarfir
- hvernig má bæta ímynd skólans meðal grunnskólanemenda
- faglega samvinnu og svigrúm til að sinna henni á skólatíma

Tölulegar upplýsingar

(Tölur haustannar eru frá 9.9.2020 og vorannar frá 1.2.2021)

Skipting dagskólanemenda á námsbrautir greint eftir kyni.

Braut	Heiti brautar	Haust 2020		Vor 2021	
		kk	kvk	kk	kvk
AN	Almenn námsbraut	67	63	62	63
FÉ15 (FÉ)	Félagsfræðibraut	79	122	67	117
GH15	Grunnnám heilbrigðisgreina	3	19	5	19
HBR15	Heilbrigðisritarabraut	0	10	0	16
HV15 (MB)	Hugvísindabraut (málabraut)	11	15	11	18
ÍHB17	Íþróttá- og heilbrigðisbraut	46	16	43	15
LT15	Lyfjatæknabraut	3	18	2	14
LÆ18	Læknaritariabraut	0	2	0	3
NÁ15	Náttúrufræðibraut	53	43	49	34
NL15	Nýsköpunar- og listabraut	24	25	16	21
NN15	Heilsunuddbraut	25	42	21	46
NST	Námsbraut fyrir sóttreinsitækna	*	*	*	*
SJ15	Sjúkraliðabraut	2	62	3	58
SJ2/SJ4/SJ5	Framhaldsnám sjúkraliða	*	*	*	*
SJB	Sjúkraliðabrá	0	36	0	33
SN	Sérnámsbraut	26	5	25	5
TT15	Tanntæknabraut	1	27	0	35
VH15	Viðskipta- og hagfræðibraut	39	17	33	15
VSS15	Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	5	1	3
		380	527	338	515

* ekki í boði þetta skólaár

Skipting dagskólanemenda eftir tegund náms og kyni.

Tegund námsbrautar	Haust 2020		Vor 2021	
	kk	kvk	kk	kvk
Bóknámsbrautir	298	295	270	281
Starfsnám, heilbrigðisbrautir	31	197	26	205
Starfsnám, nýsköpunar- og listabraut	24	25	16	21
Sérnámsbrautir	26	5	25	5
Viðbótarnám til stúdentsprófs*	1	5	1	3
	380	527	338	515

*Hér eru bara taldir þeir sem eingöngu eru skráðir í viðbótarnámið og enga aðra braut.

Skipting dagskólanemenda eftir kyni.

Kyn	Haust 2020	%	Vor 2021	%
KK	380	41,9%	338	39,6%
KVK	527	58,1%	515	60,4%
	907	100,0%	853	100,0%

Meðalaldur dagskólanemenda (ár).

Meðalaldur bóknám/starfsnám	Haust 2020	Vor 2021
Bóknámsbrautir (og NL-braut)	19,8	20,0
Heilbrigðisbrautir	32,1	32,4
Skólinn sem heild	23	23,4

Dagskólanemendur haustönn 2020 og vorönn 2021 eftir aldri og kyni

Aldur	Haust 2020			Vor 2021		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
15	26	18	44	0	0	0
16	57	45	102	50	46	96
17	57	53	110	63	50	113
18	36	40	76	38	52	90
19	35	45	80	40	42	82
20	39	41	80	32	45	77
21	21	32	53	25	35	60
22	23	38	61	15	27	42
23	20	30	50	15	23	38
24	10	7	17	12	17	29
25	12	15	27	8	7	15
26 og eldri	43	164	207	40	171	211
Alls:	379	528	907	338	515	853

Fjöldi kenndra dagskólaáfangar á skólaárinu:*

	Haust 2020	Vor 2021
Kenndir áfangar	185	174

*Áfangar á sérnámsbraut eru ekki með í þessari tölu

Fjöldi AM nemenda (AM = annað móðurmál en íslenska)

	Haust 2020	Vor 2021
AM -nemendur	107	108
Nemendur alls	907	853
AM nemendur %	11,8%	12,7%

Skipting dagskóla- og fjarnemenda eftir búsetu (póstnúmeri).

Póstnúmer		Sumar 2020	Haust 2020		Vor 2021	
		Fjarnám	Dagskóli	Fjarnám	Dagskóli	Fjarnám
101	Reykjavík	52	55	49	59	55
102	Reykjavík	6	10	5	8	5
103	Reykjavík	2	6	6	4	7
104	Reykjavík	20	48	40	55	50
105	Reykjavík	65	90	74	89	82
107	Reykjavík	32	44	31	41	31
108	Reykjavík	46	100	60	99	59
109	Reykjavík	40	42	58	43	69
110	Reykjavík	33	34	86	35	95
111	Reykjavík	32	35	30	33	35
112	Reykjavík	53	48	82	51	70
113	Reykjavík	33	34	40	31	45
116	Reykjavík	6	2	4	2	5
170	Seltjarnarnes	15	21	17	18	18
200-206	Kópavogur	150	85	160	79	158
220, 221	Hafnarfjörður	116	80	98	72	107
210, 225	Garðabær	62	60	57	50	53
230-262	Reykjanes	79	21	65	22	83
270-276	Mosfellsbær	45	32	62	25	60
300-399	Vesturland	35	5	45	4	44
400-499	Vestfirðir	19	2	16	1	12
500-599	Norðurl. vestra	14	6	15	6	14
600-699	Norðurl. eystra	31	5	48	4	53
700-799	Austurland	36	3	26	1	21
800-902	Suðurland	63	17	73	18	91
Annað	Erlendis/annað	19	5	27	3	24
		1104	890	1274	853	1346

Fjarnemendur sumar- og haustönn 2020 og vorönn 2021 eftir aldri og kyni

Aldur	SUMAR 2020			HAUST 2020			VOR 2021		
	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls
15 og yngri	2	2	4	82	112	194	84	110	194
16	15	19	34	6	10	16	22	15	37
17	35	74	109	14	20	34	15	21	36
18	53	84	137	25	27	52	31	31	62
19	71	85	156	32	46	78	32	41	73
20	52	54	106	46	47	93	36	51	87
21	36	61	97	32	49	81	25	40	65
22	26	35	61	35	49	84	41	44	85
23	19	30	49	27	37	64	35	35	70
24	20	31	51	27	37	64	38	35	73
25	16	19	35	28	25	53	24	32	56
26	7	20	27	14	22	36	11	29	40
27	8	19	27	11	21	32	14	27	41
28	10	17	27	11	26	37	11	21	32
29	4	10	14	5	23	28	5	14	19
30 og eldri	46	124	170	97	231	328	106	270	376
Alls	420	684	1104	492	782	1274	530	816	1346

Fjöldi kenndra fjarnámsáfanga, fjöldi nemenda og eininga á skólaárinu

	Sumar 2020	Haust 2020	Vor 2021
Fjöldi áfanga	57	84	85
Skráðir nemendur	1104	1274	1346
Skráðar einingar alls	10885	13097	13503
Þreyttar einingar alls*	8605	10289	9829
Staðnar einingar alls**	7285	9062	7584
Þreyttar einingar sem hlutfall af skráðum	79,1%	78,6%	72,8%
Staðnar einingar sem hlutfall af skráðum	66,9%	69,2%	56,2%

*Sá fjöldi eininga sem nemendur luku með prófi (burtséð frá árangri)

**Sá fjöldi eininga sem nemendur stóðust á önninni

Kennslumat í dagskóla

Kennslumatið var að venju framkvæmt í INNU báðar annirnar. Á haustönn fór matið fram dagana 26. nóvember til 8. desember. Það er óvenju seint en var dregið í lengstu lög í von um að nemendur kæmu til baka inn í skólann úr heimakennslu sem hófst síðari hluta septembermánaðar. Því miður varð raunin önnur og önninni lauk án þess að nemendur fengju að koma í skólann. Kennslumatið var samt sent út að lokum en því miður var þátttakan ekki nema 39,5% sem hugsanlega má skrifa á fordæmalausa tíma eins og sagt var svo oft þá önnina. Á vorönn var kennslumatið síðan framkvæmt dagana 12. til 26. apríl. Þá farin sú leið að kennarahópnum var skipt í þrennt og ákveðið að meta þriðjung hópsins hverju sinni og þar með alla áfanga þeirra kennara. Þetta var gert að tillögu skólameistara og í þeirri von að þetta gefi betri heildarmynd af frammistöðu kennara og þar með betri grunn fyrir starfsmannasamræður. Að þessu sinni voru metnir áfanga/kennarar viðskipta-, félags- og íþróttagreina og allir séráfangar heilbrigðisskólans. Næstu tvær annir verða svo teknir hinir tveir þriðjungar kennarahópsins og þannig næst markmiðið að meta alla áfanga á að minnsta kosti þriggja anna fresti. Þátttaka á vorönn var betri en á haustönn; 46,4% að þessu sinni en áfram þarf að vinna að því að auka þátttökuna og þar með marktæknina. Niðurstöður kennslumats beggja anna eru á heimasíðu skólans og þar er hægt að skoða kennslumatið margar annir aftur í tímann.

Niðurstöður kennslumatsins hverju sinni eru birtar kennurum í INNU þegar heildarniðurstöður liggja fyrir. Í hópum þar sem 5 eða færri nemendur svara eru niðurstöður þó ekki birtar. Deildastjórar og kennslustjórar fá einnig að sjá hvernig kennarar á þeirra brautum koma út úr matinu til að geta rætt við þá um hvaða lærdóma megi draga af niðurstöðum. Síðast en ekki síst er kennslumat hugsað sem innlegg í starfsmannasamtöl sem skólameistari og aðstoðarskólmeistari eiga við starfsmenn með reglulegu millibili.

Í kennslumati skiptast spurningar í þrjá flokka; einn snýr að áfanganum, annar að kennslunni og kennaranum og í þeim þriðja leggur nemandinn mat á eigin frammistöðu í áfanganum. Á haustönn var síðan bætt við nokkrum spurningum um yfirfærslu áfanga í Teams og vinnuálag þegar skólinn var lokaður

og kom í ljós að nemendur voru að mestu sáttir. Meðaleinkunnir fyrir þessa þætti eru nokkuð háar eins og sjá má í töflunni en hæst getur einkunn orðið 4.

Mér finnst hafa tekist vel að færa kennsluna í þessum áfanga í Teams.	3,2
Vinnuálag í áfanganum hefur aukist eftir að hann var færður í Teams.	2,5
Mér finnst betra að stunda námið í gegnum Teams en að vera í dagskóla.	2,5

Lítill munur er annars á meðaltölum í einstökum flokkum milli anna samanber næstu töflu sem sýnir meðaltal í hverjum flokki þrjár síðustu annir. Þó hækkar nú á vorönn sú einkunn sem fæst þegar nemendur leggja mat á eigið nám og ekki síður hækkar einkunnin sem nemendur gefa kennara sínum og munar þar þó nokkru. Verður gaman að fylgjast með hvernig sú einkunnagjöf þróast áfram.

	Haust 2019	Haust 2020	Vor 2021
Leggðu mat á áfangann	3,4	3,3	3,5
Leggðu mat á kennsluna í áfanganum	3,4	3,4	3,5
Leggðu mat á námið þitt í áfanganum	3,2	3,2	3,4
Hvaða einkunn gefurðu kennaranum	8,46	8,42	8,81

Til viðbótar við spurningalistana gafst nemendum tækifæri á að koma sinni skoðun á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda við þeim spurningum voru send kennurum viðkomandi áfanga um leið og aðrar niðurstöður.

Kennslumat fjarnáms

Í gæðamarkmiðum skólans segir að stefnt skuli að því að meta alla áfanga á tveggja til þriggja anna fresti, jafnt í dagskóla og fjarnámi. Í fjarnáminu hefur þó ekki alltaf tekist að standa við þetta markmið en í framhaldi af gæðavottun fjarnáms er ljóst að bæta þarf úr því.

Kennslumat fjarnáms hefur eins og mat í dagskóla verið framkvæmt í INNU en svarhlutfall alltaf verið mjög lágt eða um 15%. Hugsanlega skýring á lágu

svarhlutfalli fjarnemenda er að þeirra heimavöllur er Moodle kennslumhverfið og þeir eiga fá erindi inn í INNU. Því er hætt við að þeir missi af kennslumatinu eða gleymi því. Að þessu sinni var því ákveðið að fara aðra leið. Skólinn keypti aðgang að hugbúnaði sem nefnist „SurveySparrow“ og heldur utan um slíkar netkannanir. Þegar búið er að útbúa spurningalistann er hægt að senda link á þátttakendur, eða eins og hér var gert að setja tengil inn í Moodle áfangana og nemendur komast þá þaðan beint inn í könnunina.

Ákveðið var að byrja í smáum stíl og kanna eingöngu íslenskuáfanga fjarnámsins. Kennslumatið var lagt fyrir alla íslenskunemendur fjarnáms 25. mars til 9. apríl 2021. Þetta var auðvitað ekki stór hópur og því ekki sanngjarnt að bera saman við lélega svörun fyrri ára en niðurstaðan var töluvert betri en áður eða 36% svarhlutfall. Nú er stefnt að því að nota þessa aðferð áfram í haust og er vonandi að þátttaka aukist áfram.

Niðurstöður voru almennt mjög ásættanlegar fyrir íslenskuáfanga fjarnámsins. Nemendur voru flestir ánægðir með skipulag áfanganna, gagnvirk verkefni og skjót svör kennara við innsendum fyrirspurnum. Eins og í fyrri könnunum skoraði fullyrðingin: „Ég mæli hiklaust með fjarnámi FÁ við aðra nemendur“ hæst, en 91% svarenda voru mjög eða frekar sammála henni. Í könnuninni voru tvær opnar spurningar í lokin og neikvæðar athugasemdir sem komu frá nemendum sneru helst að stuttum prófatíma og skorti á leiðsagnarmati við skil verkefna.

Niðurstöður matsins voru sendar kennurum, fjarnámstjóra og skólameistara og verða notaðar sem grunnur að starfsmannasamtölum og umbótum þar sem þeirra er þörf.

Viðhaldsúttekt á gæðavottun fjarnáms

Árið 2019 var ráðist í að framkvæma gæðavottun á fjarnámi skólans. Fyrirtækið iCert tók að sér verkefnið um leið og fyrirtækið sjálft varð sér um út um réttindi til að framkvæma mat af þessu tagi. Ferillinn var lærdómsríkur fyrir skólann og verkferlar sem skrifaðir voru í tengslum við matið hafa þegar sannað gildi sitt. Árlega er síðan framkvæmd viðhaldsúttekt og nú í apríl var það gert í annað sinn. Niðurstaða, að lokinni viðhaldsúttekt, er að rekstur og viðhald gæðakerfisins

hefur gengið vel og uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til þess samkvæmt EN ÍST ISO 9001:2015.

Brotthvarf

Menntamálaráðuneytið tekur saman árlega tölur yfir brottfall nýnema og sendir skólunum. Þann 1. október 2020 voru 10,3% þeirra sem hófu nám við skólann sem nýnemar haustið 2019 hættir námi við skólann og ekki skráðir í annað nám í INNU. Samsvarandi tölur fyrir framhaldsskólana sem heild eru 4% þannig að ljóst er að skólinn þarf að sækja fram á þessu sviði. Aukin áhersla á umsjónarkennarahlutverkið, sálfræðiþjónusta innan skólans og stuðningur í námsveri eru meðal þátta sem skólinn hefur gripið til meðal annars með von um að minnka brottfall.

Sálfræðiþjónusta

Á liðnu hausti var ráðinn sálfræðingur í hálfstarf við skólann til reynslu, en margir framhaldsskólar hafa á liðnum önnum tekið sálfræðinga í sína þjónustu til að aðstoða nemendur í vanda. Sálfræðingurinn var með opna tíma fyrir nemendur auk þess sem hægt var að bóka tíma fyrir fram. Aðsókn var góð og ljóst er að full þörf er fyrir þessa þjónustu innan skólans. Vissulega reyndist Covid tímabilið krefjandi en þá fluttust einstaklingsviðtölin að mestu á netið auk þess sem skólasálfræðingurinn fór þá leið að setja inn stutt myndbönd og glærur fyrir nemendur. Þar voru tekin fyrir málefni sem tengdust m.a. heilsukvíða, markmiðasetningu og yfirleitt hvernig best væri að takast á við breyttar aðstæður. Ákveðið hefur verið að framlengja ráðningu sálfræðings, a.m.k. næsta skólaár.

Félagslíf nemenda

Skólinn hefur á liðnum önnum sett mikinn kraft í að auka félagslíf nemenda innan skólans. Starfsmaður í hlutastarfi vinnur með nemendum að skipulagningu viðburða og fundar með þeim reglulega. Á liðnu skólaári var róðurinn mjög þungur. Samkomutakmarkanir settu hömlur á allar skemmtanir í raunheimum en farin var sú leið að efna til viðburða í netheimum með hjálp Teams. Þar var haldið jólabingó með glæsilegum vinningum og fleiri leikir þar sem nemendur sátu

heima við tölvur og tóku þátt. Loks má geta þess að lið skólans komst í átta liða úrslit gettu betur og þar með í sjónvarpssal annað árið í röð.

Nemendaráð efndi einnig til hönnunarsamkeppni um merki á skólapeysur. Það tókst vel og voru peysurnar framleiddar og seldar nemendum og kennurum á kostnaðarverði. Bláar peysur voru sérlega vinsælar enda þóttu þær fara einkanlega vel við grímurnar sem allir þurftu að bera.



Árshátíðinni var síðan að sjálfsögðu sleppt enda víðtækar samkomutakmarkanir í gildi á vordögum og árdagar voru í mýflugumynd þetta árið. Undir lok ársins lá starfsemi nemendafélagsins að mestu niðri en kraftur verður settur í starfið að nýju þegar skólastarf hefst aftur í haust.

Umhverfismál

Skólinn fékk árið 2006 fyrstur framhaldsskóla á Íslandi [Grænfána Landverndar](#) sem viðurkenningu fyrir störf sín að umhverfismálum. Hann hefur síðan fengið endurnýjaður á tveggja ára fresti, síðast nú á liðnu hausti.



Á síðasta skólaári náðist síðan enn einn áfanginn í umhverfismálum þegar skólinn fékk viðurkenningu fyrir fyrsta [Græna skrefið](#) af alls fimm skrefum sem eru ætluð fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Skref númer tvö innifelur m.a. að skólinn skili grænu bókhaldi og sem gert var nú á vorönn og sótt var um leið um staðfestingu á því skrefi ásamt skrefum þrjú og fjögur. Um leið og þau eru í höfn er hægt að fara að vinna að lokaskrefinu sem er um leið hluti af umhverfisvottun samkvæmt ISO-staðlinum 14001 sem er lokamarkmið skólans. Umhverfisráð skólans hefur unnið ötullega að þessum verkefnum með góðri hjálp frá bókkara skólans þegar kom að því að fara yfir bókhaldið með grænum gleraugum.

Í heimi þar sem umhverfismálin skipta alla máli er nauðsynlegt að menntakerfið taki þau mál föstum tókum. Því hefur verið ákveðið að umhverfisáfangi UMHV2SJ05 verði skylduáfangi allra bóknámsbrauta frá og með komandi hausti.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Skólinn hefur lengi tekið þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og á þessu skólaári var starfandi nefnd starfsmanna sem fór vel yfir þau mál. Meðal annars var farið skipulega í gegnum gátlista frá Landlæknisembættinu og má sjá niðurstöður í meðfylgjandi töflu:



Jafnrétti og kynheilbrigði 80% komið til framkvæmda	Áfengi og önnur vímuefni, tóbak og rafrettur 65% komið til framkvæmda
Verklag 64% komið til framkvæmda	Hreyfing 58% komið til framkvæmda
Starfsfólk 53% komið til framkvæmda	Öryggi 50% komið til framkvæmda
Geðrækt 48% komið til framkvæmda	Mataræði 38% komið til framkvæmda

Af töflunni má sjá að við erum á góðri leið í sumum þáttum en þurfum að bæta okkur í öðrum ekki síst því sem snýr að mataræði.

Nýtt skref í heilsueflingu starfsmanna var tekið árið 2019 þegar ákveðið var á að greiða ípróttastyrk að upphæð 15.000 kr. á hvern starfsmann gegn framvísun reikninga. Heldur færri sóttu um á þessu skólaári enda líkamsræktarstöðvar lokaðar lengst af en þess er að vænta að í haust fjölgi þeim að nýju sem nýta sér þennan kost.

Stefnur og áætlanir

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu stefnur og áætlanir sem eru í gildi í skólanum. Þessar stefnur/áætlanir eru í stöðugri endurskoðun og leitast er við að uppfæra þær á heimasíðu jafnóðum og breytingar eru gerðar.

Áætlun gegn einelti

Í stórum stofnunum geta af og til komið upp mál sem tengjast einelti. Skólinn hefur því tilbúna áætlun um það hvernig bregðast skuli við slíkum málum og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans: Eineltisáætlun. Hún var uppfærð árið 2020 og verður áfram í stöðugri endurskoðun. Sömuleiðis er á heimasíðunni tengill þar sem hver sem er getur tilkynnt einelti eða sent ábendingar um það með einföldum hætti: Tilkynna einelti. Á liðnu skólaári voru engin skráð eineltistilfelli og er það þriðja árið í röð sem það gerist.

Fjölmenningarstefna

Skólinn hefur sett sér fjölmenningarstefnu og fjölmenningaráætlun. Stefna skólans er að móta jákvæð viðhorf til fjölmenningar, jafnt meðal kennara sem nemenda, svo að sérhver nemandi fá notið sín á sínum forsendum.

Umhverfis- og samgöngustefna

Skólinn rekur metnaðarfulla umhverfis- og samgöngustefnu. Umhverfisnefnd hefur verið starfrækt í skólanum í sextán ár og lengst af hefur einnig verið starfandi umhverfisráð nemenda. Eins og fram hefur komið hér að framan hlaut skólinn Grænfánann í áttunda skipti á þessu skólaári og það er ekki síst að þakka vinnu umhverfisnefndar og umhverfisráðs. Sama má segja um Grænu skrefin, sú vinna er einnig borin uppi af umhverfisnefnd.

Samgöngumálin eru alltaf á dagskrá og frá haustönn 2015 hefur starfsmönnum verið boðið að gera samgöngusamning við skólann og sækja um samgöngustyrk að upphæð 30.000 kr. Á liðnu skólaári var hann veittur 34 starfsmönnum en árið á undan fengu hann 32 starfsmenn. Skólinn leitast ekki síður við að hvetja nemendur til að nota vistvæna samgönguhætti m.a. með því að veita þeim einingar fyrir að hjóla eða ganga í skólann, auk þess að selja aðgang að bílastæðum skólans. Á vorönn 2018 var komið fyrir hleðslustöðvum fyrir rafbíla á bílastæðum skólans og nú geta fjórir bílar verið þar í hleðslu á hverjum

tíma. Sú aðstaða er mikið notuð og er strax ljóst að þörf er á fleiri slíkum bæði fyrir rafbílaeigendur og umhverfið.

Jafnréttisstefna

Á liðnu skólaári fór fram viðamikil endurskoðun á jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun skólans í tengslum við vinnu við jafnlaunavottun sem fyrr hefur verið nefnd. Samkvæmt 18. grein jafnréttislaga skal áætlunin síðan endurskoðuð á þriggja ára fresti og skal jafnréttisfulltrúi ásamt jafnréttisnefnd hafa umsjón með endurskoðun og framkvæmd, meta stöðu aðgerða og kynna árlega á starfsmannafundi.

Lýðheilsustefna

Skólinn hefur sett sér lýðheilsustefnu og tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli eins og áður segir. Markmiðið er að hafa áhrif á viðhorf og tilfinningu nemenda fyrir heilbrigðu lífi.

Sjálfbærnistefna

Skólinn hefur sett sér sjálfbærnistefnu og innan hans starfar sjálfbærninefnd sem hefur það verkefni að fylgja sjálfbærnistefnu skólans eftir í öllum þáttum skólastarfs. Nefndin gerir aðgerðaáætlun til eins árs og er hún aðgengileg á sjálfbærnisíðu skólans.

Sjálfsmatsstefna

Skólinn hefur sett sér sjálfsmatsstefnu og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Á heimasíðunni má einnig finna verkáætlun, sjálfsmatsskýrslur síðustu ára og niðurstöður ytra mats.

Erlent samstarf

Skólinn hefur á liðnum árum verið í viðamiklum samskiptum við skóla víða í Evrópu. Þar er veigamest starfsemi á vegum Erasmus+ sem skiptist KA2 (Strategic Partnerships) og KA1 (Vocational Education and Training/Learning Mobility of Individuals) auk verkefna á vegum Nordplus. Á þessu skólaári lá hinsvegar allt slíkt starf niðri vegna heimsfaraldurs en til stendur að hefja það af fullum krafti að nýju um leið og tækifæri gefst.

Ytra mat

Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur eftirlit með því að framhaldsskólar uppfylli þær skyldur sem lög og reglugerðir og aðalnámskrá framhaldsskóla kveða á um. Í því skyni eru send úttektarteymi í skólana og þeim fengið það hlutverk að fara í saumana á öllum þáttum skólastarfsins. Slík úttekt var gerð á skólanum skólaárið 2010 – 2011 og síðan aftur á vorönn 2017. Niðurstöður síðustu úttektar (2017) eru í heild sinni á heimasíðu skólans. Vænta má nýrrar úttektar á næstunni en ráðuneytið miðar við að framkvæma þær á um það bil fimm ára fresti.

Stofnun ársins

Stofnun ársins kallast starfsánægjukönnun sem gerð er árlega af Sameyki stéttarfélagi í almannabjónustu í samstarfi við Fjármála- og efnahagsráðuneytið og sér Gallup um framkvæmd hennar. Hún er send út starfsmanna í opinberri þjónustu, bæði hjá ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum. Skólinn hefur tekið þátt frá árinu 2011 og árið 2019 náði hann þeim frábæra árangri að verða í þriðja sæti í sínum flokki og fá rétt til að kalla skólann fyrirmyndarstofnun 2019. Ekki gekk alveg jafnvel árið 2020 en þá færðist skólinn niður í áttunda sætið sem er að sjálfsögðu mjög vel ásættanlegt í flokki sem telur yfir 80 stofnanir, þó því sæti fylgi ekkert merki.

Liðin ár hefur könnunin verið framkvæmd í upphafi árs og tilkynnt um niðurstöður strax í febrúar eða mars. Í ár var hins vegar ákveðið að breyta til og því verður könnunin nú send út í september/október og niðurstöður væntanlega tilkynntar um eða upp úr áramótum.

Í sjálfsmatskýrslum liðinna ára hefur alltaf verið sagt frá helstu niðurstöðum skólans í könnun yfirstandandi árs en nú er ekki frá neinu að segja fyrr en um áramót og það verður því að bíða næstu skýrslu. Þangað til má benda á að árlega tekur framkvæmdaraðili út niðurstöður fyrir hverja stofnun og setur fram í glærुकynningu og sendir viðkomandi. Kynningar á gengi skólans á undanföllum árum er að finna á heimasíðu skólans undir [Starfsánægjumat](#)

Markmið og úrbætur

Eldri markmið og hvernig staðið var að úrbótum á skólaárinu

Hér á eftir fara markmið úr síðustu sjálfsmatsskýrslu 2019/2020 og tilgreint hvernig tekist hefur að ná þessum markmiðum.

Líðan nemenda og starfsmanna

1. Stefnt skal að því að auðvelda hinsegin nemendum dvölinna í skólanum eftir því sem hægt er.

Þetta markmið var á topp tíu hjá sjálfsmatsteymi skólans annað árið í röð og líklega flestir sammála því að mikilvægt er að fá þennan hóp til skrafs og ráðagerða. Umræður um hinsegin mál voru reyndar ekki fyrirferðarmiklar á þessum Covid-vetri en líklegt að það breytist með batnandi árferði. Ekki síst þarf skólinn að vera viðbúinn að bregðast við kröfum um ókyngreind salerni sem

2. Raddir allra þurfa að heyrast í skólastarfinu.

Skólafundur sem var á dagskrá á árinu var því miður ekki haldinn vegna aðstæðna. Raddir nemenda fengu hinsvegar að heyrast þegar gerð var könnun á líðan nemenda í Covid og það hversu ánægðir/óánægðir þeir voru með framkvæmd skólastarfs á þeim tímum. Sjá niðurstöður [hér](#).

3. Huga þarf að kennsluumhverfi nemenda og vellíðan þeirra í og utan skólastofunnar.

Alrýmið á fyrstu hæð (Steypan) var tekið í gegn á skólaárinu. Keypt voru ný og þægileg húsgögn og þeim komið smekklega fyrir. Sömuleiðis var bókasafnið búið betri húsgögnum en þar voru sett inn borð með skilrúmunum sem bæði nýtast til einstaklings- og hópavinnu. Loks var „Setrið“ námsver nemenda málað og gert vistlegt fyrir notendur.

4. Góð heilsa er fyrir öllu og á skólaárinu skal stefnt að því að styðja við holla hreyfingu starfsmanna og nemenda.

Heilsan var svo sannarlega í forgangi þetta árið en með nokkuð öðrum formerkjum en áður. Að þessu sinni snerist hún aðallega um sóttvarnir og

Það að hvetja nemendur jafnt og starfsfólk til að láta vera að mæta í skólann ef heilsan væri ekki upp á það besta. Líkamsræktarstyrkur starfsmanna var þó sem fyrr í boði og nemendur gátu svalað hreyfipörf sinni með fjallgöngum sem farnar voru báðar annir enda auðvelt að halda fjarlægðartakmarkanir á fjöllum.

Þjónusta skólans

1. Áfram skal unnið að því að auka þjónustu við nemendur með annað tungumál en íslensku.

Á þessu skólaári var haldið áfram tilraun með að endurraða nemendum í byrjunaráfanga á fyrstu vikum annarinnar. Þetta var gert með því að hafa UN og GR áfanga í sama fagi í sama stökk þannig að hægt var að færa nemendur á milli en það hefur reynst vel. Sömuleiðis var áföngum í ÍSAN fjölgað og reynt að gæta þess að þeir yrðu ekki of fjölmennir.

2. Framkvæma skal fleiri þjónustukannanir.

Þetta markmið náðist ekki einkum vegna álags á alla, nemendur, starfsfólk og stjórnendur. Á móti kom að framkvæmd var [könnun á líðan nemenda](#) þar sem þeim gafst kostur á að tjá sig um framkvæmd kennslunnar og þjónustu stoðkerfis skólans á þeim tímum sem skólinn var lokaður nemendum.

3. Stefnt skal að því að rita gæðahandbók fyrir allan skólann og í framhaldi af því sækja um gæðavottun.

Unnið var að þessu markmiði á skólaárinu og er Grænt bókhald sem er fyrsta skrefið í áttina að gæðavottaðri loftslagsstefnu nú í höfn og þegar farið að huga að framhaldinu.

4. Allar upplýsingar um námsstöðu nemenda og viðveru þeirra skulu liggja fyrir í INNU á hverjum tíma.

Þetta hefur verið markmið nokkur undanfarin ár og má segja að því sé nú að mestu náð og framkvæmdin komin í góðan farveg. Á þessu skólaári var hlutverk deildastjóra endurskoðað og þeim falið að hafa eftirlit með þessu í sínum deildum sem vonandi leiðir til enn betri árangurs næst.

5. Áfram skal setja kraft í umsjónarkerfi skólans, einkum þann hluta sem snýr að yngri nemendum.

Þetta var framkvæmt á árinu. Umsjónarkennarar nýnema hittu þá sem fyrr í föstum umsjónartímum. Ekki síst sýndu kennarar kraft og frumkvæði í að hafa samband á þeim tímum sem skólinn var lokaður þannig að nemendur fengu á tilfinninguna að það væri fylgst með þeim og að þeim stæði til boða stuðningur á erfiðum tímum.

6. Efla skal þjónustu „Setursins“.

Í byrjun haustannar féll frá kennslustjóri almennrar brautar sem um leið var umsjónarmaður Setursins. Við þau sorgartíðindi komst starfið í nokkuð uppnám um hríð en lagðist þó alls ekki af. Eftir áramót var það síðan skipulagt að nýju með nýjum kennslustjóra. Hann hélt áfram átaki fyrirrennara síns til því að fá nemendur til að nýta Setrið og verður því átaki framhaldið á næsta ári.

Kennsla og fagleg málefni

1. Unnið skal að því að bæta svörun í kennslumati.

Því miður var þátttaka í kennslumati dagskóla öllu minni en árið á undan eða 40% á haustönn og 46% á vorönn. Árið á undan náði hún 50% og við höfðum sett okkur það markmið að svarhlutfall færi 60% í ár. Það er auðvelt að kenna Covid um minni svörun núna og vonandi fer hún upp á við strax í haust. Í fjarnámi var þátttakan í ár betri en áður og vonandi tekst að halda áfram á þeirri braut næstu annir.

2. Skólinn vill leitast við að bjóða nemendum sínum fjölbreytt námsmat.

Þetta markmið náðist vissulega í ár en fjölbreytnin var mismikil milli anna. Á haustönn voru rafræn heimapróf en á vorönn var haldið áfram með tilraun fyrra árs; þ.e.a.s. að nota símat í öllum áföngum og sleppa próftöflu í annarlok en nota í þess stað tvöföldu tímana í stundatöflunni fyrir lokapróf þar sem það átti við.

3. Leita skal leiða til að minnka fall í byrjunaráföngum í kjarnagreinum.

Stefnt hafði verið að því að ráða nemendur á lokaári til að gerast aðstoðarkennarar í kjarnagreinum gegn greiðslu í einingum eða peningum. Þetta markmið náðist ekki en er vert að taka til athugunar næsta skólaár.

Mannauður

1. Efla skal samvinnu á kennara á faglegum grunni.

Fagleg samvinna kennara var mikil en með öðrum hætti nú en oft áður. Hún fólst í því að þeir kenndu hverjir öðrum á ýmis tæki og tól til að nota í Teams, Moodle og almennt í fjarkennslu. Skólaþróunardagur var síðan haldinn á vorönn og þar var rætt um kosti og galla þess að fjölga önnum innan skólaársins. Það mál er áætlað að ræða betur á komandi vetri.

2. Starfsmenn skulu hvattir til að leita sér endur- og viðbótarmenntunar.

Eins og fyrr sóttu kennarar námskeið í sínum greinum flest rafræn vegna samkomutakmarkana. Full ástæða er til að halda þessu markmiði áfram þegar aðstæður breytast og stefna að enn betri árangri.

Ímynd skólans

1. Leita skal leiða til að breyta ímynd skólans, ekki síst meðal grunnskólanema og aðstandenda þeirra.

Þessu markmiði var haldið áfram á skólaárinu og nú voru samfélagsmiðlar notaðir óspart til að dreifa fréttum af skólastarfinu. Heimsóknir grunnskólanemenda féllu þó niður en verða vonandi aftur á dagskrá á næsta skólaári.

2. Áfram skal leitast við að auka skuldbindingu allra nemenda við skólann og skólastarfið.

Á liðnu skólaári var þetta helst framkvæmt í gegnum umsjónarstarf. Umsjónarkennarar voru í miklu sambandi við sína nemendur auk þess sem námsrágjafar og skólastjórnendur hringdu í þá til að hvetja þá til dáða og hrósa þar sem það átti við. Margir foreldrar höfðu samband við skólann og sögðu þetta hafa skipt sköpum í tilveru barna þeirra.

3. Skólinn stefnir að því að helstu upplýsingar á heimasíðunni verði á fleiri tungumálum en íslensku.
Þetta markmið náðist ekki en verður vonandi unnið að því áfram á komandi skólaári.

Ný markmið fyrir skólaárið 2021-2022

Hér á eftir fara helstu markmið fyrir komandi skólaár og hugleiðingar um hvernig best sé að vinna að þeim.

Líðan nemenda og starfsmanna

1. Raddir allra þurfa að heyrast í skólastarfinu.
Skólafundur með þátttöku allra í skólasamfélaginu er kjörinn vettvangur til þess. Hann féll niður síðasta haust í samkomubanni en mikilvægt er að koma honum að sem föstum lið á dagskrá komandi ára. Eftirfylgni með slíkum fundi þarf líka að vera öllum sýnileg.
2. Góð heilsa er fyrir öllu og á skólaárinu skal stefnt að því að styðja við holla hreyfingu starfsmanna og nemenda.
Áfram skal hvetja starfsfólk til að nota umhverfisvænar samgöngur með því að greiða samgöngustyrk. Líkamsræktarstyrkur verði einnig áfram í boði og aðstaða í líkamsræktarsal bætt og endurnýjuð eftir þörfum kennurum sem og nemendum til gagns og ánægju.'
3. Góð næring er grunnur að vellíðan og stefnt skal að því að bjóða nemendum og starfsmönnum upp á góðan mat á sanngjörnu verði á skólatíma.
Nýr aðli tekur við mötuneyti skólans í haust. Mikilvægt er að áfram verði í boði hollur matur fyrir alla og stefnt skal að því að frír hafragrautur verði áfram borinn fram í upphafi dags.

Þjónusta skólans

1. Áfram skal unnið að því að auka þjónustu við nemendur með annað

tungumál en íslensku.

Á komandi skólaári verður gerð tilraun með að kenna sérstaka áfanga í jarðfræði, upplýsingatækni, lífsleikni og umhverfisfræði fyrir nemendur með takmarkaða íslenskukunnáttu. Enn fremur skal þess gætt áfram að áfangar í ÍSAN verði ekki of fjölmennir.

2. Framkvæma skal fleiri þjónustukannanir.

Mikilvægt er halda áfram að kanna hug nemenda til ýmissa þátta í daglegu starfi s.s. umsjónarkerfisins, skrifstofunnar og einnig að fá þá til að segja skoðun sína á yfirstjórn skólans.

3. Stefnt skal að því að rita gæðahandbók fyrir allan skólann og í framhaldi af því sækja um gæðavottun.

Þessu markmiði skal framhaldið og næst er fyrirhugað að leggja áherslu á vottun á loftslagsstefnu skólans.

4. Allar upplýsingar um námsstöðu nemenda og viðveru þeirra skulu liggja fyrir í INNU á hverjum tíma.

Mikilvægt markmið sem hefur verið á dagskrá nokkrar annir og hefur miðað vel. Á þessu skólaári verður lögð aukin áhersla á hlutverk deildastjóra í að fylgja þessu eftir í sínum deildum.

5. Áfram skal setja kraft í umsjónarkerfi skólans, einkum þann hluta sem snýr að yngri nemendum.

Haustið 2019 hófst tilraunaverkefni sem hefur gefið góða raun. Það felst í því að ráða sérstaka umsjónarkennara til að halda utan um nýnema og hitta þá í föstum umsjónartímum. Þessu verkefni skal framhaldið á komandi ári og metið með þjónustukönnun að því loknu.

6. Efla skal þjónustu „Setursins“.

Enn þarf að gera áttak til að fá nemendur til að nýta Setrið og verður því framhaldið á næsta ári.

Kennsla og fagleg málefni

1. Unnið skal að því að bæta svörun í kennslumati.
Þátttaka í kennslumati dagskóla var minni þetta skólaárið en árið á undan en markmiðið fyrir næsta ár er engu að síður það sama og áður, stefnt skal að því að svarhlutfallið verði ekki undir 60%. Í kennslumati fjarnáms skal halda áfram tilraun með nýtt kerfi og stefna á að þátttakan verði a.m.k. 40%.
2. Skólinn vill leitast við að bjóða nemendum sínum fjölbreytt námsmat.
Áfram verður haldið tilraun sem gerð var á þessu ári og gekk út á að auka vægi símats þar sem það hentar og sleppa próftöflu í annarlok. Símat annarinnar getur t.d. falist í ritgerðum, verkefnum, kynningum, hlutaprófum o.s.frv. og síðustu tvær vikurnar eru tvöfaldir tímar í stundatöflu notaðir fyrir próf þar sem það á við.
3. Leita skal leiða til að minnka fall í byrjunaráföngum í kjarnagreinum.
Á næstu önn er stefnt að því að ráða nemendur á lokaári til að gerast aðstoðarkennarar í kjarnagreinum. Þeir mæta þá í tíma í byrjunaráföngum skv. stundatöflu og leiðbeina nemendum undir handleiðslu kennarans. Fyrir þetta fá nemendur greitt; annað hvor með peningum eða einingum.

Mannauður

1. Efla skal faglegt starf kennara og annarra starfsmanna.
Stefnt skal að því að halda sameiginlega skólaráðstefnu með einum eða fleiri framhaldsskólum á komandi skólaári.
2. Starfsmenn skulu hvattir til að leita sér endur- og viðbótarmenntunar.
Skólinn vill styðja við endurmenntun kennara og þeir skulu hvattir til að sækja námskeið og kynningar eftir því sem við verður komið.

Ímynd skólans

1. Átak skal gert í því að breyta ímynd skólans, ekki síst meðal grunnskólanema og aðstandenda þeirra.
Á komandi vetri er stefnt að því að gera átak í að kynna skólann meðal nemenda í nærliggjandi grunnskólum. Leitað skal leiða til að ná til

nemenda elstu bekkjanna með leikjum, uppákomum og keppni af ýmsu tagi. Til dæmis með því að efna til stærðfræðikeppni, stuttmyndakeppni, smásagnakeppni o.s.frv. Endurvakinn verði sá siður að bjóða nemendum þessara skóla og foreldrum þeirra í morgunmat með tilheyrandi skólakynningu auk þess sem áfram verði unnið að veglegu opnu húsi á vorönn. Samfélagsmiðlar skulu áfram notaðir til að dreifa fréttum af skólastarfinu og viðburðum á vegum nemendafélagsins.

2. Á næsta skólaári verður skólinn 40 ára. Stefnt skal að því að nota þann viðburð til að auglýsa skólann í samfélaginu.
Stefnt er að því að gefa út veglegt blað í tilefni afmælis og einnig að halda opið hús fyrir almenning. Mikilvægt er að auglýsa þessa viðburði og nýta til að bæta ímynd skólans.
3. Áfram skal leitast við að auka skuldbindingu allra nemenda við skólann og skólastarfið.
Þetta verður best gert gegnum öflugt umsjónarstarf, foreldrasamstarf, fjölbreytt félagslíf, fallegt umhverfi og annað sem eykur vellíðan nemenda í daglegu lífi. Enn fremur skal endurvekja siðinn með að bjóða afmælisárgöngum útskriftarnema að heimsækja skólann og hitta starfsfólk t.d. í lok skólaársins.
4. Skólinn stefnir að því að helstu upplýsingar á heimasíðunni verði á fleiri tungumálum en íslensku.
Á komandi skólaári skal stefnt að því að hefja vinnu við að þýða hluta heimasíðunnar á ensku og pólsku. Mikilvægt er fyrir skólann að undirstrika fjölmenningsamfélagið sem ríkir innan skólann með því að þjónusta þá nemendur sem ekki ráða að öllu leyti við íslenskuna.

Reykjavík 23. júní 2021

Jóna Guðmundsdóttir gæðastjóri